

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um þýðingu annarar greinar í helgidagatilskipun 28. marz 1855. 1856.
8. marz.

Þær hafið herra stiptamtmaður með bréfi yðar 19. nóvember f. á. sent bréf með fylgiskjali frá bæjarfógetanum í Reykjavík, í hverju hann lætur í ljósi meiningu sína viðvíkjandi bréfi 10. október f. á., sem kaupmaður Þ. Jónathansson hefir sent beinlínis hingað; í bréfi þessu gjörir nefndur kaupmaður þá fyrirspurn, sumpart hvort hann eptir meginreglum helgidagatilskipunarinnar sé skyldur að greiða 32 sk. sekt þá, sem úrskurður stiptamtmanns 4. september f. á. hefir ídæmt hann fyrir brot gegn helgidagatilsk. 28. marz f. á., og sumpart hvort lögreglustjórnin í Reykjavík geti fyrirmunað honum að verka fisk og afferma eða hlaða skip á helgidögum á undan og eptir guðshjónustu, hafi hann áður snúið sér til lögreglustjórnarinnar og sannað, að hlutaðeigandi hefði töluverðan óhagnað ef ekki væri leyft.

Viðvíkjandi þessu læt eg ekki hjá líða til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar að skýra frá, að standa verður við sektina, einkum þar hlutaðeigandi, eptir því sem próf þau, sem tekin hafa verið, sýna, hefir gengið undir úrskurð stiptamtmanns. Viðvíkjandi hinum öðrum tveimur fyrirspurnum fellst stjórnarráðið á álit bæjarfógeta Finsens, að leyfilegt sé, samkvæmt orðatiltækjunum í 2. gr. nefndrar tilskipunar, að verka fisk á helgidögum, þegar ekki má fresta því lengur sökum óhagstæðrar veðráttu, en að ekki megi leyfa að ferma eða afferma skip í Reykjavík á tæðum tíma, þar höfnin í Reykjavík ekki verður álitin sem opið pláz það, sem 2. gr. í optnefndri tilskipun um getur.

4. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og 22. marz.
amtmananna á Íslandi um að mæla skip, sem sigla til Íslands.

Þar það hefir optar borið við á Íslandi árið sem leið, að

1856.
22. marz. töluverður munur hefir verið á lestarúmi því á skipi, sem sagt er frá í skipaskjölum og samkvæmt hverjum það hefir fengið leiðarbréf, ok lestarúmi því, sem menn hafa reiknað út eptir hinni dönsku fermíngarreglugjörð, og þar ekki neitt boð er í löggjöfinni um hina íslenzku verzlun, sem samsvari 8. gr. í lögum 21. marz f. á. um að einkaverzlun konúngs á Færeyjum sé tekin af, og samkvæmt hverri hlutaðeigandi embættismenn á Færeyjum eru skyldir, þegar þeir álíta að ekki sé sagt rétt frá stærð skipsins, að láta mæla skipið og beri amtmanni að sjá fyrir að það verði gjört, hefir stjórnarráðið álitit hentugast, að sèð verði um að mæla skip einnig á Íslandi, þegar næg ástæða er fyrir því að draga í efa, hvort rétt væri sagt frá lestarúmi skipsins, og því verð eg að biðja yður, herra stipamtmaður (herra amtmáður), um að skýra bæjarfógetanum í Reykjavík ok sýslumanninum á Vestmannaeyjum (sýslumönnunum í Ísafjarðar og Snæfellsness sýslum; sýslumönnunum í Eyjafjarðar og Suðurmúla sýslum) frá, að þeim ber að mæla skip þau, sem koma til Íslands, þegar svo stendur á, að eptirtakanlegur munur er á lestarúmi því, sem sagt er frá í leiðarbréfinu eða skjölum þeim, eptir hverjum það hefir fengið leiðarbréfið, og því lestarúmi, sem svari því, er skipið hefir flutt til Íslands eða frá Íslandi, eða þegar kríngumstæðurnar að öðru leyti gætu gefið tilefni til að álíta, að skýrsla sú, sem er gefin um lestarúmið, sé æði raung; þegar svo stendur á ber þess þó að gæta, að mæling skipsins fari fram á þann hátt, að af því leiði sem minnsta tálmun fyrir fermíngu og affermíngu skipsins.

2. apríl. **5. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um aukagjald fyrir sum utanríkisskip sem sigla til Íslands.**

Eptir að nú er á enda frestur sá, sem með allrahæstum úrskurði 22. marz f. á., er birtur var með auglýsingu frá stjórn innanríkismálanna 24. s. m., var settur fyrst um sinn fyrir tíma-bilið frá 1. apríl 1855 til 31. marz þ. á., viðvíkjandi aukagjaldi